



**484.fundur Þingvallanefndar**

**Miðvikudagur 10. mars 2021**

**Kl.12.00 Fjarfundur um tölvu.**

Mætt: Ari Trausti Guðmundsson, Vilhjálmur Árnason, Karl Gauti Hjaltason, Líneik Anna Sævarsdóttir, Hanna Katrín Friðriksson. Páll Magnússon boðar forföll. Einnig sátu fundinn Einar Á. E Sæmundsen þjóðgarðsvörður og Fanney Einarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setur fund og sér um fundarstjórn.

Dagskrá:

1. Frumvarp til laga um nýtingu á landi í eigu ríkisins í atvinnuskyni.

Gestur: Hrafn Hlynsson fjármála- og efnahagsráðuneytið og

Sigurður H. Helgason skrifstofustjóri fjármála- og efnahagsráðuneytis

Þjóðgarðsvörður óskaði eftir kynningu þar sem efni frumvarpsins varðar ýmsa þætti í rekstri þjóðgarðsins ásamt því að leggja þarf fram breytingu á lögum um þjóðgarðinn á Þingvöllum. Þjóðgarðsvörður hefur farið fram á frest til að skila inn umsögn við frumvarpið.

Hrafn Hlynsson og Sigurður Helgi skrifstofustjóri kynna fyrir nefndinni frumvarp til laga um nýtingu á landi í eigu ríkisins í atvinnuskyni. Í lokin er svarað spurningum sem nefndarmenn hafa.

2. Úthlutun úr landsáætlun innviða.

Þjóðgarðsvörður var viðstaddur athöfn vegna úthlutunar úr landsáætlun innviða og úr framkvæmdarsjóði ferðamannastaða á vegum umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og var hann með stutt innlegg um Þingvelli í þeirri dagskrá. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum fær um 324 m.kr til framkvæmda á næstu þremur árum.

Önnur mál.

Þjóðgarðsvörður upplýsir nefndina um viðbrögð þjóðgarðsins vegna jarðskjálftahrinu þeirrar sem verið hefur á Reykjanesinu. Hann situr stöðufundi almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra og viðbragðsaðila. Jarðskjálftar hafa almennt ekki fundist á Þingvöllum en reynslan sýnir að ef jarðskjálftar fara yfir 6 á Richterskvarða þá munu þeir finnast á Þingvöllum með mögulegri hættu á grjóthruni. Merkingar hafa verið settar upp við alla helstu göngustíga til að áminna fólk um hættuástand í Árnessýslu.

Fundi slitið kl 12:52.